Norðurlandaráð

A 1805/hållbart

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Þingmannatillaga
um aðgerðir til að stemma stigu við ofauðgun í Eystrasaltinu

Tillaga
Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að semja um líkön að samstarfi norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna um að dreifa gifsi og byggingarkalki á Eystrasaltssvæðinu með það að sameiginlegu markmiði að draga verulega úr losun fosfórs.

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að skora á þingmannaráðstefnu Eystrasaltsríkjanna að hvetja til notkunar á gifsi og byggingarkalki sem fljótvirkrar skammtímaaðferðar til að draga úr losun fosfórs og þar með ofauðgun í Eystrasaltinu.

Aðdragandi
Nú hafa bæði Svíþjóð og Finnland fundið hagkvæma og fljótlega aðferð til að draga verulega úr ofauðgun í Eystrasaltinu af völdum landbúnaðar. Svarið felst í gifsi (kalsíumsúlfati) og byggingarkalki. Þessar aðferðir koma ekki í stað langtímalausna en eru þó góður kostur til skemmri tíma fyrir strandsvæði þar sem jarðvegsskilyrði eru hentug, til dæmis í leirjarðvegi. Til lengri tíma litið eru tæknirannsóknir, landbúnaðarráðgjöf og ýmsar myndir vatnaskila ákjósanlegri aðferðir. Nú er þó tímabært að norrænu löndin innleiði þessar tiltölulega hagkvæmu lausnir á öllu Eystrasaltssvæðinu enda hvers konar aðgerða þörf til að ráða bót á ástandi Eystrasaltsins.

Um helmingur köfnunarefnis og rúm 60 prósent af fosfór sem losaður er út í Eystrasaltið eru af völdum landbúnaðar, samkvæmt tölfræðiniðurstöðum úr finnskri aðgerðaáætlun um nýtingu hafsins[1]. Með það að markmiði að minnka losun um 30 til 50 prósent ætlar Svíþjóð nú að meðhöndla allt að hundruð þúsunda hektara með byggingarkalki, en hingað til hafa 55.000 hektarar lands í Svíþjóð verið meðhöndlaðir

[1] Finnska umhverfisráðuneytið. 2015. https://www.naturvardsverket.se/upload/stod-i-miljoarbetet/remisser-och-yttranden/esbo-arenden/2015-finland-havsmiljon/finland-forslag-atgardsprogram-havsmiljon-5522-2015.pdf Sótt 27.1.2019.

þannig[2]. Þá hyggst Finnland hefja gifsdreifingu eftir tveggja ára langt tilraunaverkefni sem staðið hefur yfir á suðvesturhorni landsins. Tilraunaverkefnið sýndi að magn fosfóragna, sem skolast auðveldlega út í vatnsföll og þaðan í hafið, minnkaði um 50 prósent á tímabilinu[3]. Áhrif af gifsinu vara í fimm ár og ekki hefur orðið vart neinna neikvæðra afleiðinga í vatnsföllum, svo sem fyrir fisk, skelfisk og vatnaplöntur[4]. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Litháen gætir hinna fosfórbindandi áhrifa byggingarkalksins í tíu ár eftir að því er dreift[5].
Til skemmri tíma litið er gifsmeðferð hagstæðari en aðrar þekktar aðferðir til að draga úr losun fosfórs. Til dæmis er talið að kostnaður við minnkaða losun fosfórs með jöðrunaraðgerðum í landbúnaði sé 220 evrur á kílóið, en með gifsaðferðinni aðeins 70 evrur á kílóið[6].

Samanlögð losun fosfórs í Finnlandi, Eistlandi, Póllandi, Danmörku og Svíþjóð nemur allt að 8.000 tonnum. Með gifsaðferðinni mætti draga úr losun af völdum landbúnaðar um 1.500–2000 tonn á ári[7]. Ekki eru öll svæði hentug til gifsmeðferðar, þar sem leirjarðvegur er forsenda fyrir árangri, en til dæmis eru yfir 500 þúsund hektarar í Finnlandi hagstæðir fyrir slíka meðferð[8]. Hreint gifs til þessara nota fæst sem aukaafurð úr ýmsum iðnaði og orkuverum en einnig er hægt að nota náttúrulegt gifs, t.d. það sem framleitt er í Lettlandi. Að sjálfsögðu er skilyrði að það innihaldi ekki þungmálma eða geislavirk efni.

Halda ætti hratt og örugglega áfram rannsóknum á Eystrasaltssvæðinu. Þegar hefur verið bryddað upp á samstarfi milli norrænu landanna og Póllands. Eystrasaltið þolir enga bið. Nú þarf að grípa til fljótvirkra aðgerða, auk lausna til lengri tíma, svo að þetta viðkvæma innhaf megi áfram vera uppspretta lífs og margbreytileika í framtíðinni.

---

[2] Sandberg, Monica, Åbo Underrättelser. 30.8.2018. https://www.pressreader.com/finland/åbo-underrättelser/20180830/281659665910058 Sótt 27.1.2019.

[3] Sandell, Markku. YLE Uutiset 25.5.2018. https://yle.fi/uutiset/3-10220295 Sóttt 27.1.2019.

[4] SAVE, Saaristomeren vedenlaadun parantaminen peltojen kipsikäsittelyllä (Helsinkihäskóli). https://blogs.helsinki.fi/save-kipsihanke/usein-kysytyt-kysymykset/ Sótt 27.1.2019.

[5] Östman, Magnus, Finlands Natur nr 3/2016. https://www.finlandsnatur.naturochmiljo.fi/artiklar/miljogifter/article-91885-53555-nya-tag-mot-fosforlackaget Sótt 27.1.2019.

[6] Sandell, Markku. YLE Uutiset 25.5.2018. https://yle.fi/uutiset/3-10220295 Sótt 27.1.2019.

[7] Sandell, Markku. YLE Uutiset 25.5.2018. https://yle.fi/uutiset/3-10220295 Sótt 27.1.2019.

[8] Sandell, Markku. YLE Uutiset 25.5.2018. https://yle.fi/uutiset/3-10220295 Sótt 27.1.2019.

Reykjavík, 22. janúar 2019

Matti Vanhanen (cent)
Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Arman Teimouri (L)
Arto Pirttilahti (cent)
Bertel Haarder (V)
Britt Lundberg (ÅC)
Carl Holst (V)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)
Heidi Greni (Sp)
Jenis av Rana (Mfl.)
Johanna Karimäki (grænum)
Ketil Kjenseth (V)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Krista Mikkonen (grænum)
Linda Ylivainio (C)
Magnus Ek (C)
Martti Talja (cent)
Mikael Staffas (Lib)
Rasmus Ling (MP)
Tore Storehaug (KrF)
Willfred Nordlund (Sp)